

## 20. Frumvarp

til laga um ríkisútgáfu skólabóka.

(Lagt fyrir Alþingi 1934).

### 1. gr.

Allar þær bækur, sem á hverjum tíma eru löggiltar til kennslu í barnaskólum, skulu gefnar út og seldar af ríkinu.

### 2. gr.

Yfirstjórn útgáfunnar hefir útgáfustjórn. Hana skipa 3 menn: fræðslumálastjóri, sem er formaður stjórnarinnar, og 2 menn tilnefndir til 3 ára í senn, annar af stjórn Sambands isl. barnakennara, en hinn skipar kennslumálaráðherra, og skal hann skipaður með sérstöku tilliti til þess, að geta verið ráðunautur útgáfustjórnar um kennslubækur til notkunar í æðri skólum (sbr. 7. gr.). Heimilt er kennslumálaráðherra að ákveða útgáfustjórninni þóknun fyrir starf hennar, og greiðist sú þóknun úr ríkissjóði.

### 3. gr.

Útgáfustjórn sér um að jafnan sé til nægilegt af þeim bókum, sem gefa skal út, og nægur forði á þeim stöðum, þar sem nota skal bækurnar. Hún semur um útgáfurétt og ritlaun, prentun, bókbænd og útsendingu, ákveður útsöluverð bókanna, sér um innheimtu andvirðis og annað það, sem að útgáfunni lýtur. Heimilt er útgáfustjórn að ráða mann eða menn til að vinna að þessu, ef með þarf, og skulu greiðslur fyrir þau störf taldar með útgáfukostnaði bókanna.

### 4. gr.

Bækurnar skulu seldar til jafnaðar með kostnaðarverði. Skal leitast við að gera útgáfu bókanna ódýra, en þó vandaða.

### 5. gr.

Skólastjórar barnaskólanna skulu sjá um sölu bókaanna hver í sinum skóla, og fá fyrir það þóknun, er nemur 10% af útsöluverði bókanna. Sömu sölulaun skulu og greidd þeim öðrum, sem hafa vilja bækurnar til sölu. Útgáfustjórnin

setur reglur um reikningsskil af hálfu þeirra, er bækurnar hafa til sölu og tryggingar fyrir greiðslu andvirðis bókanna.

6. gr.

Ríkissjóður leggur fram til útgáfunnar kr. 8000.00 — átta þúsund krónur — á ári í 6 ár frá því að útgáfan tekur til starfa. Af stofnfé þessu skulu engir vextir greiddir. Ef útgáfan þarf á meira starfsfé að halda lánað ríkissjóður það gegn 6% ársvöxtum.

7. gr.

Auk kennslubóka þeirra, sem löggiltar eru til notkunar í barnaskólum á hverjum tíma, er stjórn útgáfunnar heimilt að ákveða að gefa út og selja á sama hátt skólabækur til notkunar í hærri skólum. Ennfremur skal henni heimilt að gefa út og hafa til sölu landabréf, veggmyndir og skólanauðsynjar.

8. gr.

Stjórn útgáfunnar rannsakar, hve miklar birgðir séu til af þeim bókum, sem löggiltar hafa verið til notkunar í barnaskólum, og gefa skal út samkvæmt lögum þessum. Jafnframt rannsakar hún, hve mikil sé árleg meðalsala hverrar bókar, og ákveður, hve langan tíma eigendur slíkra upplaga megi selja bækurnar. Loks sér útgáfustjórn um að nýjar útgáfur verði til jafnskjótt sem eldri útgáfur þrjóta, eða að komnar séu á markað nýjar bækur, sem löggiltar kunna að hafa verið í stað hinná eldri.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp um útgáfu skólabóka hefir legið fyrir nokkrum þingum, en er nú flutt á ný með ýmsum lagfæringum.

Svo má kalla, að bóknám sé nær eingöngu lagt til grundvallar í barnaskólum vorum. Skólabækur hafa því geysilega þýðingu fyrir allt nám barnanna og árangur þess og störf kennaranna eru oft mjög undir því komin hversu heppilegar bækur hann hefir til afnota. Það skiptir mestu um skólabækur, að málfar þeirra, efnisniðurröðun, framsetning og allur andi sé við hæfi barnanna. Hefir það þegar verið viðurkennt, að nauðsyn bæri á eftirliti með slíku af hálfu hins opinbera, sbr. lög um fræðslunefndir frá 1928. Þá er enn tvennt, sem miklu máli skiptir um útgáfu skólabóka; annað er það, hversu hagkvæmlega útgáfunni er hagað með tilliti til þess, sem barninu er ætlað að nema alls á 5—6 ára skólagöngu. Þykir sú aðferð nú mjög úrelt að gefa út eina kennslubók, er hafi allt það inni að halda í tiltekinni námsgrein, sem barninu er ætlað að nema til fullnæðarprófs, er sé keypt um leið og barnið hefur námið í þeirri grein. Hitt þykir nú öllu hagkvæmara, að gefa út námsefni hverrar greinar í smærri heftum er smám saman séu keypt, eftir því sem barnið þokast upp á við í skólanum. Er það talsvert hagræði foreldrunum, sem kaupa, og reyndin er sú, að lesefni barnanna

hefir orðið meira og fjölbreyttara, þar sem sú aðferð hefir verið tekin upp. Þá skiptir og ytri frágangur bókana miklu máli, t. d. pappírsgæðin, letur, prentun, prófarkalestur, band o. þ. u. l. Og þó einkum verð bókana og ending í hlutfalli við verðið. Það mun láta nærri, að bækur þær, sem einu barni er ætlað að nota öll skólaárin, sé nú allt að kr. 70.00 og þessi fjárhæð vex til muna við niðurfærslu skólaskyldunnar. Hér í eru þó ekki talin ritföng, og margt annað, sem barnið notar í skólanum. Þetta eru oft mjög tilfinnanleg útgjöld fyrir alþýðu manna og einkum fátækari hluta hennar, enda sannanlegt, að mikill hluti fátækustu barnanna eignast aldrei allan þann bókakost, sem lög og reglugerðir skólanna ákveða. Eru þess allmörg dæmi, að kennarar hafa sjálfir lagt fram talsvert fé af launum sínum til bókaþaua handa þeim börnum, sem ekki hafa getað eignast þær að öðrum kosti. Hið geysiháa verð skólabókanna, sem nú er, veldur því, að fátækari hluti barna eignast aldrei nauðsynlegan bókakost og námið fer oft í handaskolum hjá barnmörgum fjölskyldum af því að mörgum börnum er ætlað að nota sömu bókina.

Verð á bókum er hér allt of hátt. Það gegnir allt öðru máli um skólabækur en aðrar bækur, sem út eru gefnar. Þjóðin leggur sjálf til öruggan markað fyrir þær með lögum og fyrirskipunum um skólahald og bókakost.

Í nágrannalöndum vorum og raunar öllum menningarlöndum er þessum málum fyrir löngu skipað í það horf, að þjóðirnar og einstök bæjar- eða borgarfélög hafa útgáfu og umsjón skólabókanna í sínum höndum.

Sumstaðar fá öll börn ókeypis þær bækur, sem notaðar eru í skólum og mjög víða, þar sem ekki er svo langt gengið, er þó útbýtt bókum til fátækra barna. Hér eru skólabækurnar vissasta tekjulind nokkurra útgefenda og bóksala.

Úr þessu er frv. ætlað að bæta. Ætti það, ef að lögum yrði, að tryggja góðan frágang á bókunum, og auk þess töluvert lægra verð en nú er. Þess eru dæmi, að kennslubækur eru seldar við verði sem nemur allt að 1 kr. á hverja örk, og margar eru seldar fyrir um og yfir 50 aura á hverja örk. Þó eru þessar bækur prentaðar í stórum upplögum og trygg mikil sala árlega. Hreinn útgáfukostnaður nemur miklu minnu en þessu verði. Háa verðið liggur að nokkru leyti í óþarflega miklum gróða útgefenda, en að nokkru leyti í óhæfilega miklum sölu-kostnaði.

Stefna frv. er sú, að bækurnar verði gefnar út og seldar svo, að hvorki verði ábati né halli á útgáfunni. Með því ætti að takast að lækka verð bókana til muna. Æskilegast væri, að hið opinbera legði fram þær námsbækur, sem fyrirskipað er að nota, en mikil bót að fá verðið lækkað svo sem hér er gert ráð fyrir.

Um einstakar greinar frv. má taka þetta fram:

#### Um 1. gr.

Bezt væri, að allar skólabækur, bæði við lægri og æðri skóla, væru gefnar út á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir. Þó þykir ekki vert að fyrirskipa ríkisútgáfu nema á löggiltum barnanámsbókum til að byrja með. Aftur er í 7. gr. heimilað að gefa út fleiri námsbækur, ef hægt er og þörf þykir á vera.

#### Um 2. gr.

Það þykir réttmætt að fræðslumálastjóri, sem hefir yfirumsjón allra slíkra mála, sé formaður útgáfustjórnar, en útgáfustjórn skipi að öðru leyti tveir menn og sé annar fulltrúi Sambands isl. barnakennara, en hinn valinn með tilliti til þess, að hann hafi skilyrði til þess að meta þarfir og kröfur æðri skóla, gagnfræðaskóla, héraðsskóla og menntaskóla.

#### Um 3. gr.

Starfssvið útgáfustjórnarinnar er hér ákveðið í aðalatriðum. Að öðru leyti verður reynslan að skera úr. Þegar fyrirtækið vex, má búast við að stjórnin þurfi aðstoð við afgreiðslu, bókhald, innheimtu o. fl. og verður sá kostnaður, sem af því leiðir, talin nmeð útgáfukostnaði.

#### Um 4. gr.

Með sölu við kostnaðarverði er átt við það, að hreinar tekjur af sölu bókana greiði útgáfukostnað þeirra allan, en ekki meira.

#### Um 5. gr.

Það þykir fara bezt á því, að skylda skólastjóra að sjá um sölu bókana. Geti þeir auðvitað falið það öðrum, t. d. kennurum, en bera þó sjálfir ábyrgð á andvirðinu gagnvart útgáfunni.

Sölulaun þykja hæfilega ákveðin 10%.

#### Um 6. gr.

Þar sem bækurnar yrðu ekki gefnar út allar á fyrsta ári, heldur smátt og smátt, eftir því sem eldri upplög þrjóta, er búist við, að 8000 kr. framlag á ári nægi. Verður það varla talin mikil viðbót við þann kostnað, sem nú fer til barnafræðslu, og væri þessu fé áreiðanlega vel varið, þar sem það kæmi smátt og smátt þúsundum heimila til góða í lækkuðu bókaverði. Nokkurt fé hlýtur alltaf að vera bundið í útgáfunni. Hér er gert ráð fyrir að 48 þús. nægðu sem fast stofnfé. Ef meira þyrfti einstök ár, er gert ráð fyrir að greiða vexti af því.

#### Um 7. gr.

Sjá aths. við 1. gr.

#### Um 8. gr.

Réttmætt er að gera ráð fyrir að útgefendur selji upp birgðir þær, er þeir hafa, svo að þeim sé ekki bakað tjón að óþörfu. Er gert ráð fyrir að meðalsala bókarinnar undanfarin ár verði lögð til grundvallar sölufresti, sem eigendum bókana sé ákveðinn. Tekur útgáfan þannig smám saman til starfa eftir því sem ástæður liggja til.

#### Um 9. gr.

Útgáfan þarf að geta tekið til starfa svo fljótt, að hún geti séð fyrir nýjum útgáfum fyrir næsta skólaár af þeim bókum, sem nú kynnu að vera á þrotum.